



Skólakönnunin *Upplýsinga- og fjarskiptatækni og menntun*

**LEIÐARVÍSIR FYRIR
VERKEFNISSTJÓRA Í HVERJUM
ÞÁTTTÖKUSKÓLA**

Evrópska skólanetið

Service d'Approches Quantitatives des faits éducatifs

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
1. YFIRLIT UM SKIPULAG KÖNNUNARINNAR.....	3
2. HLOTVERK OG VERKEFNI.....	6
3. AÐILAR SEM ÞÚ GETUR LEITAÐ TIL MEÐ SPURNINGAR.....	7
4. VERKEFNI 0: AÐ FARA INN Á VEFSÍÐUNA SEM VERKEFNISSTJÓRI KÖNNUNARINNAR Í SKÓLANUM.....	7
5. VERKEFNI 1: UNDIRBÚNINGUR VALS Á ÚRTAKI ÚR BEKKJUM.....	8
A) 1. DÁLKUR: „NAFN BEKKJARDEILDAR“.....	9
B) 2. DÁLKUR: FJÖLDI NEMENDA Í ÞESSARI BEKKJARDEILD.....	9
C) 3. DÁLKUR: „FJÖLDI NEMENDA SEM ERU ÚTILOKAÐIR FRÁ ÞÁTTTÖKU“.....	10
6. VERKEFNI 2: UNDIRBÚNINGUR VALS Á KENNARAÚRTAKI.....	11
A) AÐ TILGREINA KENNARA SEM KOMA TIL GREINA.....	11
B) FJÖLDI KENNARA SEM KOMA TIL GREINA.....	12
7. VERKEFNI 3: SPURNINGALISTI LAGÐUR FYRIR ÞÁTTTAKENDUR.....	13
A) SPURNINGALISTAR LAGÐIR FYRIR NEMENDUR (EKKI Á 4. BEKKUR BARNASKÓLA).....	14
B) SPURNINGALISTAR LAGÐIR FYRIR KENNARA OG SKÓLASTJÓRA.....	14
8. VERKEFNI 4: EFTIRFYLGNI KÖNNUNAR.....	15
VIÐAUKI A: BEIÐNI UM LEYFI FORELDRA OG EYÐUBLAÐ.....	16
VIÐAUKI B: BRÉF TIL FORELDRA.....	17
VIÐAUKI C: BRÉF TIL KENNARA.....	18



**European Commission
Information Society and Media**

Þau sjónarmið sem koma fram í riti þessu eru skýrsluhöfundanna og endurspegla ekki endilega álit framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Þessi rannsókn fer fram á vegum stjórnarsviðs framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um upplýsingasamfélagið og fjölmiðla.

© Framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins 2011

Inngangur

Þessi leiðarvísir er ætlaður verkefnisstjórum skólakönnunarinnar *Upplýsinga- og fjarskiptatækni og menntun* í hverjum skóla. Í honum er að finna leiðbeiningar um úrlausn þeirra tveggja meginverkefna sem þáttökuskólarnir þurfa að leysa:

- (1) að finna hentuga svarendur og
- (2) afla gagna.

Markmið könnunarinnar er að meta framþróun í notkun á upplýsinga- og fjarskiptatækni í skólastarfi í 31 Evrópulandi. Notast verður við spurningalista á netinu um aðgengi að, notkun og viðhorf til slíkrar fræðslutækni á meðal skólastjóra, kennara og nemenda. Spurningalistinn verður þó ekki lagður fyrir nemendur í barnaskóla.

Til að bera saman framþróun milli landa er mjög mikilvægt að fá lýsandi úrtak af skólum og íbúum hvers lands. Aðeins þeir svarendur sem eru valdir á réttan hátt geta veitt upplýsingar sem eru samanburðarhæfar milli landa.

Í könnuninni verður afluð gagna:

1. frá skólastjórum um skólann í heild;
2. frá kennurum og
3. nemendum (ekki í 4. bekkur barnaskóla).

Mjög mikilvægt er að þú farir eftir öllum verklagsreglum sem koma fram í þessum leiðarvísi svo gögnin séu samanburðarhæf milli landa. Verkefnisstjórinn á landsvísu verður þér innan handar ef með þarf.

Þakka þér kærlega fyrir samvinnuna.

1. YFIRLIT UM SKIPULAG KÖNNUNARINNAR

Í könnuninni verður safnað gögnum frá skólum (gegnum skólastjóra), úr kennslustofum (gegnum kennara) og um nemendur á 4. bekkur barnaskóla-, 8. bekkur grunnskóla- og 1. ár í framhaldsskóla (bóklegu og starfstengdu). Ekki verða lagðir spurningalistar fyrir nemendur á barnaskólastigi.

Almenn tilhögun könnunarinnar er sýnd í töflu 1. Skólinn þinn hefur lent í úrtaki fyrir eitt eða fleiri námsstig. Þú þarft að ganga úr skugga um að rannsóknin beinist að réttu námsstigi (-stigum) sem skólinn þinn hefur verið valinn í úrtak fyrir. Til dæmis skaltu einungis safna gögnum um barnaskólastig (4. bekkur barnaskóla) ef skólinn þinn er valinn fyrir það námsstig.



Vinsamlegast athugið: Námsstigið er þriðji stafurinn í auðkenninu þínu

xx 1 xxxxx :	« ISCED level 1 »	4. bekkur barnaskóla
xx 2 xxxxx :	« ISCED level 2 »	8. bekkur grunnskóla
xx 3 xxxxx :	« ISCED level 3 academic »	1. ár í framhaldsskóla bóklegu framhaldsskólanámi
xx 4 xxxxx :	« ISCED level 3 vocational »	1. ár í framhaldsskóla (starfsmenntun) starfstengdu framhaldsskólanámi

Til dæmis: ID :27**2**03102 →2 8. bekkur grunnskóla

Tafla 1. Yfirlit um tilhögun könnunarinnar

		„ISCED level 1“	„ISCED level 2“	„ISCED level 3 academic“	„ISCED level 3 vocational“
Námsstig		4. bekkur barnaskóla	8. bekkur grunnskóla	1. ár í framhaldsskóla bóklegu framhaldsskólanámi	1. ár í framhaldsskóla (starfsmenntun) starfstengdu framhaldsskólanámi
Skólar innan landa	Skólar	Fjöldi=300 eftir landi	Fjöldi =300 eftir landi	Fjöldi =300 eftir landi	Fjöldi =300 eftir landi
Hver svarar?	Skóla- stjórar				
Hvaða spurninga-listi?		Spurningalisti fyrir skólastjóra	Spurningalisti fyrir skólastjóra	Spurningalisti fyrir skólastjóra	Spurningalisti fyrir skólastjóra
Bekkjardeildir innan skóla	Bekkjar- deildir	Fjöldi =1 eftir skóla	Fjöldi =1 eftir skóla	Fjöldi =1 eftir skóla	Fjöldi =1 eftir skóla
Hver svarar?	Kennarar	Fjöldi=1 eftir skóla	Fjöldi=3 eftir skóla	Fjöldi=3 eftir skóla	Fjöldi=3 eftir skóla
Hvaða spurninga-listi?		Spurningalisti fyrir kennara	Spurningalisti fyrir kennara	Spurningalisti fyrir kennara	Spurningalisti fyrir kennara
Nemendur innan bekkjardeilda	Nemend- ur	Fjöldi =0	Fjöldi =allir nemendur í bekknum sem er valinn	Fjöldi =allir nemendur í bekknum sem er valinn	Fjöldi =allir nemendur í bekknum sem er valinn
Hver svarar?					
Hvaða spurninga-listi?		Enginn spurningalisti fyrir nemendur	Spurningalisti fyrir nemendur	Spurningalisti fyrir nemendur	Spurningalisti fyrir nemendur

Í töflu 2 er að finna nánari upplýsingar um þær gerðir spurningalista sem á að svara á hverju námsstigi og hverjir eiga að svara þeim.

Tafla 2. Lýsingar á spurningalistunum eftir námsstigum

4. bekkur barnaskóla

Fylla þarf út tvær gerðir af spurningalistum.

Skólastjórinn svarar sérstökum netspurningalista fyrir skólastjóra. Skólastjórinn getur fengið aðstoð hjá upplýsinga- og fjarskiptatæknistjóra skólans (eða sambærilegum starfsmanni) til að svara spurningum um tæknileg atriði ef þörf er á.

Kennarinn sem hefur meginumsjón með viðkomandi bekk svarar netspurningalistanum fyrir kennara. Ef fleiri en einn kennari hafa meginumsjón með bekknum skal velja annan kennarann með slembivali (sjá seinni lýsingu á verki 2).

Ekki er um að ræða neina spurningalista fyrir nemendur á þessu námsstigi.

8. bekkur grunnskóla

Fylla þarf út þrjár gerðir af spurningalistum.

Skólastjórinn svarar sérstökum netspurningalista fyrir skólastjóra. Skólastjórinn getur fengið aðstoð hjá upplýsinga- og fjarskiptatæknistjóra skólans (eða sambærilegum starfsmanni) til að svara spurningum um tæknileg atriði ef þörf er á.

Þrjú kennarar (raungreina-, stærðfræði- og kennari í meginkenndumálinu) fyrir kennslustofuna sem fyrir valinu verður svara netspurningalistanum fyrir kennara. Ef um er að ræða fleiri en einn raungreina- og/eða stærðfræðikennara skal velja annan þeirra með slembivali (sjá seinni lýsingu á verki 2).

Fyrst þarf þó að skilgreina hvað átt er við með orðinu „bekkur/bekkjardeild“ þar sem nemendur á unglingastiginu (grunnskóla) gætu færest milli bekkja eftir fögum (sjá seinni lýsingu á verki 1).

Allir nemendur í kennslustofunni sem er valin í úrtakið svara netspurningalistanum fyrir nemendur.

1. ár í framhaldsskóla bóklegu framhaldsskólanámi

Fylla þarf út þrjár gerðir af spurningalistum.

Skólastjórinn svarar sérstökum netspurningalista fyrir skólastjóra. Skólastjórinn getur fengið aðstoð hjá upplýsinga- og fjarskiptatæknistjóra skólans (eða sambærilegum starfsmanni) til að svara spurningum um tæknileg atriði ef þörf er á.

Þrjú kennarar (raungreina-, stærðfræði- og kennari í meginkenndumálinu) fyrir kennslustofuna sem fyrir valinu verður svara netspurningalistanum fyrir kennara. Ef um er að ræða fleiri en einn raungreina- og/eða stærðfræðikennara skal velja annan þeirra með slembivali (sjá seinni lýsingu á verki 2).

Fyrst þarf þó að skilgreina hvað átt er við með orðinu „bekkur/bekkjardeild“ þar sem nemendur á

framhaldsskólastiginu gætu færst milli bekkja eftir fögum (sjá seinni lýsingu á verki 1).

Allir nemendur í kennslustofunni sem er valin í úrtakið svara netspurningalistanum fyrir nemendur.

1. ár í framhaldsskóla (starfsmenntun) starfstengdu framhaldsskólanámi

Fylla þarf út þrjár gerðir af spurningalistum.

Skólastjórinn svarar sérstökum netspurningalista fyrir skólastjóra. Skólastjórinn getur fengið aðstoð hjá upplýsinga- og fjarskiptatæknistjóra skólans (eða sambærilegum starfsmanni) til að svara spurningum um tæknileg atriði ef þörf er á.

Þeir þrír kennarar sem kenna flesta tíma hjá bekknum sem fyrir valinu verður (sjá síðari lýsingu á verki 1) svara netspurningalistanum fyrir kennara.

Fyrst verður þó að skilgreina hvað átt er við með orðinu „bekkur/bekkjardeild“ (sjá seinni lýsingu á verki 1).

Allir nemendur í kennslustofunni sem er valin í úrtakið svara netspurningalistanum fyrir nemendur.

2. HLUTVERK OG VERKEFNI

Þitt hlutverk er að:

- 1) veita upplýsingar um kennara, bekki og nemendur í skólanum þínum. Þessar upplýsingar gera kerfinu kleift að velja þátttakendur í könnuninni með sjálfkrafa hætti.
- 2) halda utan um framkvæmd könnunarinnar.

Í eftirfarandi köflum er fjallað um 1) hvaða upplýsingar við þurfum og hvernig á að færa þær inn í kerfið, 2) farið skref fyrir skref yfir hvernig þú leggur spurningalistann fyrir þátttakendur og fjallað um eftirfylgni.

Í töflu 3 er að finna yfirlit um verkefni verkefnisstjóra könnunarinnar sem þú þarft að vinna í könnuninni.

Tafla 3. Yfirlit um verkefni verkefnisstjóra könnunarinnar í viðkomandi skóla

	Heiti verks	Lýsing verks	Tímaáætlun (fer eftir því hvenær skólaárið byrjar)
Verkefni 0	Fara inn á vefsíðu könnunarinnar	Innskráning á vefsíðu könnunarinnar	Ágúst-október
Verkefni 1	Undirbúningur vals á úrtaki úr bekkjum	Gera lista yfir alla bekki á viðkomandi námsstigi	Ágúst-október
Verkefni 2	Undirbúningur vals á	Velja kennara (einn eða fleiri) til að	Ágúst-október

	kennaraúrtaki	svara spurningalistunum	
Verkefni 3	Spurningalisti lagður fyrir þátttakendur	<ul style="list-style-type: none"> - Senda bréf til foreldra ef þörf er á - Aðeins á unglínga- og framhaldsskólastigi, skipuleggja tíma í stofu þar sem nemendur geta svarað spurningalistunum - Útbýta notandanöfnum og lykilorðum til kennara og skólustjóra svo þeir geti svarað spurningalistunum 	Október-nóvember
Verkefni 4	Eftirfylgni könnunar	Tryggja að allir þátttakendur hafi svarað spurningalistum sínum	Október-nóvember

3. AÐILAR SEM ÞÚ GETUR LEITAÐ TIL MEÐ SPURNINGAR

Hafir þú einhverjar spurningar um undirbúning á vali úrtaka bekkja- og kennaraúrtaka skaltu ekki hika við að hafa samband við verkefnisstjóran á landsvísu.

Verkefnisstjórinn á landsvísu er

Nafn	Netfang
Birita í Dali	essie-is@eun.org

4. VERKEFNI 0: AÐ FARA INN Á VEF SíÐUNA SEM VERKEFNISSTJÓRI KÖNNUNARINNAR Í SKÓLANUM

Farðu inn á vefsíðu könnunarinnar og skráðu þig inn með notandanafninu og lykilorðinu sem þú fékkst sent með tölvupósti sem verkefnisstjóri könnunarinnar í skólanum þínum.



Hafi skólinn þinn verið valinn í úrtak á fleiri en einu námsstigi, vinsamlegast gakktu úr skugga um að þú notir rétt notandanafn og lykilorð fyrir viðkomandi námsstig (þau eru mismunandi eftir námsstigum). **Ef þú ert verkefnisstjóri fyrir fleiri ein eitt námsstig þarftu að vinna verkin fyrir hvert námsstig.**

5. VERKEFNI 1: UNDIRBÚNINGUR VALS Á ÚRTAKI ÚR BEKKJUM

Til að velja í bekkjarúrtak þarf fyrst að tilgreina fjölda bekkjardeilda sem koma til greina á viðkomandi námsstigi og svo fylla út þar til gert eyðublað „til vals á bekkjarúrtaki“.

Í töflu 4 gefur að líta dæmi um slíkt óútfyllt eyðublað. Til að fylla út eyðublaðið þarftu að:

- Tilgreina nafn bekkjardeildarinnar (1. dálkur)
- Tilgreina fjölda nemenda í bekkjardeildinni (2. dálkur)
- Ef við á, tilgreina fjölda nemenda sem þarf að útiloka frá þátttöku (3. dálkur)

Tafla 4. Dæmi um óútfyllt eyðublað til vals á bekkjaúrtaki

Class Name	Total number of target students	Number of excluded students
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>

a) 1. DÁLKUR: „NAFN BEKKJARDEILDAR“

Í 1. dálki verður listi yfir allar bekkjardeildirnar í skólanum þínum á námsstiginu sem tekur þátt í könnuninni. Farðu eftir leiðbeiningunum hér að neðan eftir því um hvaða námsstig er að ræða.

4. bekkur barnaskóla

1. Teldu upp allar bekkjardeildirnar í skólanum í 4. bekkur.
2. Gefðu þeim einkvæm heiti sem aðgreina þá frá hinum.

8. bekkur grunnskóla

Nemendur gætu færst úr einum bekk í annan eftir fögum. Því þarf að skilgreina hugtakið „bekkur/bekkjardeild“ í þessu tilviki. Í þessari rannsókn **skilgreinum við „bekk“ sem bekkjardeild/nemendahóp sem er saman í tímum í meginkennslumáli skólans.**

1. Teldu upp alla „bekki út frá meginkennslumáli“ með nemendur í 8. bekkur.
2. Gefðu þeim einkvæm heiti sem aðgreina þá frá hinum.

1. ár í framhaldsskóla bóklegu framhaldsskólanámi

Nemendur gætu færst úr einum bekk í annan eftir fögum. Því þarf að skilgreina hugtakið „bekkur“ í þessu tilviki. Í þessari rannsókn **skilgreinum við „bekk“ sem bekkjardeild/nemendahóp sem er saman í tímum í meginkennslumáli skólans.**

1. Teldu upp alla „bekki út frá meginkennslumáli“ í skólanum með nemendur í 1. ár í framhaldsskóla.
2. Gefðu þeim einkvæm heiti sem aðgreina þá frá hinum.

1. ár í framhaldsskóla (starfsmenntun) starfstengdu framhaldsskólanámi

Nemendur gætu færst úr einum bekk í annan eftir fögum. Því þarf að skilgreina hugtakið „bekkur“ í þessu tilviki. Í þessari rannsókn **skilgreinum við „bekk“ sem bekkjardeild/nemendahóp sem er saman í tímum í meginkennslumáli skólans.**

Sé ekki unnt að notast við þessa skilgreiningu þar sem móðurmálið eða tungumál eru ekki skyldufög fyrir iðnnema í skólanum er hugsanlegt að notast við bekkinn sem stjórnarsýslueiningu eða aðra aðferð í samráði við verkefnastjórnann á landsvísu.

1. Teldu upp alla „bekki út frá meginkennslumáli“ í skólanum með nemendur í 1. ár í framhaldsskóla (starfsmenntun).
3. Gefðu þeim einkvæm heiti sem aðgreina þá frá hinum.

b) 2. DÁLKUR: FJÖLDI NEMENDA Í ÞESSARI BEKKJARDEILD

Færðu inn fjölda nemenda í hverri bekkjardeild. Ef um er að ræða bekki með fleiri en einum bekkur, t.d. 3./4. bekkur barnaskóla, skal aðeins telja nemendur í 4. bekkur með í bekknum á eyðublaðinu.

4. bekkur barnaskóla

Jafnvel þótt engir spurningalistar séu lagðir fyrir nemendur á þessu námsstigi þarf samt sem áður að færa inn fjölda nemenda í 4. bekkur. Ástæðan er sú að við munum tengja gögnin sem er aflað frá kennurum við fjölda nemenda.

Vinsamlegast tilgreinið *alla* nemendur í viðkomandi árgangi í 2. dálki, einnig þá sem spurningalistarnir verða ekki lagðir fyrir (sjá næsta kafla).

c) 3. DÁLKUR: „FJÖLDI NEMENDA SEM ERU ÚTILOKAÐIR FRÁ ÞÁTTÖKU“

Þú getur ákveðið að útiloka einstaka nemendur eða heila bekki af eftirfarandi þremur ástæðum:

- 1. Annað móðurmál:** Hér er átt við nemendur sem geta lent í tungumálaerfiðleikum í prófinu. Yfirleitt skal útiloka nemendur sem hafa fengið kennslu á tungumáli prófsins í minna en eitt ár.
- 2. Nemendur sem eiga við alvarlega námsörðugleika að etja:** Hér er átt við nemendur sem skólastjóri eða annar til þess bær starfsmaður telur að búi ekki yfir vitsmunalegri færni til að svara spurningalistanum.
- 3. Nemendur með líkamlega fötlun:** Hér er um að ræða nemendur með líkamlega fötlun sem gerir það að verkum að þeir geta ekki svarað spurningalistanum. Þú getur að sjálfsgöðu valið að gera slíkum nemendum kleift að taka þátt með hjálp einhvers annars.

Vinsamlegast reyndu að lágmarka fjölda þeirra nemenda og bekkja sem þarf að útiloka.

Í þriðja dálk eyðublaðsins skal færa inn fjölda útilokaðra nemenda.

Í töflu 5 gefur að líta dæmi um útfyllt eyðublað.

Tafla 5: Dæmi um útfyllt eyðublað til vals á úrtaki úr bekkjum

Class Name	Total number of target students	Number of excluded students
Class1	32	4
Class2	21	1
Class3	35	2
Class4	28	1

Þegar þú ert viss um að listinn sé orðinn nákvæmur, vinsamlegast **sendu hann í úrtaksval með því að smella á „ÚRTAK“**. Vefkerfið velur bekk af handahófi og sendir þér valið til baka. Þannig sér vefkerfið um slembival á bekkjum í hverjum skóla. **ATH.: Þegar þú hefur smellt á „ÚRTAK“-takkann geturðu ekki snúið við og breytt upplýsingunum sem þú hefur fært inn, jafnvel þótt þú hafir gleymt einni bekkjardeild.**

Bekkurinn sem er valinn í úrtakið birtist á skjánum og sömu upplýsingar verða sendar á tölvupóstfangið þitt.

6. VERKEFNI 2: UNDIRBÚNINGUR VALS Á KENNARAÚRTAKI

Við undirbúning vals á kennaraúrtaki þarftu að fylla út þar til gerð eyðublað. Þar á meðal eru:

- a) til að tilgreina kennara; og
- b) fjöldi kennara sem koma til greina.

a) AÐ TILGREINA KENNARA SEM KOMA TIL GREINA

Val á kennurum veltur á námsstiginu.

4. bekkur barnaskóla

Þú velur kennarann sem hefur meginumsjón með bekknum sem fyrir valinu verður. Ef fleiri en einn kennari hafa meginumsjón með bekknum verður að tilgreina báða kennarana á „kennaraeyðublaðið“.

8. bekkur grunnskóla

Þrír kennarar verða valdir til að svara spurningalistanum: einn stærðfræðikennari, einn raungreinakennari og einn kennari í meginkennslumálinu.

Á kennaraeyðublaðinu skal tilgreina alla stærðfræði-, raungreina- og kennara í meginkennslumálinu sem kenna einhverjum nemanda í bekknum sem er valinn. Undir raungreinar falla m.a. efnafræði, eðlisfræði, líffræði og jarðvísindi, ef þessi fög eru aðskilin.

1. ár í framhaldsskóla bóklegu framhaldsskólanámi

Þrír kennarar verða valdir til að svara spurningalistanum: einn stærðfræðikennari, einn raungreinakennari og einn kennari í meginkennslumálinu.

Á kennaraeyðublaðinu skal tilgreina alla stærðfræði-, raungreina- og kennara í meginkennslumálinu sem kenna einhverjum nemanda í bekknum sem er valinn. Undir raungreinar falla m.a. efnafræði, eðlisfræði, líffræði og jarðvísindi, ef þessi fög eru aðskilin.

1. ár í framhaldsskóla (starfsmenntun) starfstengdu framhaldsskólanámi

Þú verður að tilgreina þá þrjá kennara sem eru með flesta kennslutíma hjá nemendum. Þetta þýðir að í raun er ekki valið sérstaklega í úrtak fyrir starfs- og iðnnám á framhaldsskólastigi og því þarf að ekki að fylla út kennaraeyðublaðið.

b) FJÖLDI KENNARA SEM KOMA TIL GREINA

Til að tryggja trúnað biðjum við þig um að skrifa ekki nöfn kennarana á kennaraeyðublaðið (eins og gert var fyrir bekkinn). Þú þarft einfaldlega að færa inn heildarfjölda kennara sem tilgreindir voru í kaflanum á undan. .

4. bekkur barnaskóla

Yfirleitt eru þetta einn eða stundum tveir (t.d. í hlutastarfi) kennarar á hverja bekkjardeild.

8. bekkur grunnskóla

Gera skal aðskilda lista yfir fjölda kennara í fögunum þremur (meginkennslumálið, raungreinar og stærðfræði). Ath. að undir raungreinar geta fallið efnafræði, eðlisfræði, líffræði og jarðvísindi.

1. ár í framhaldsskóla bóklegu framhaldsskólanámi

Gera skal aðskilda lista yfir fjölda kennara í fögunum þremur (meginkennslumálið, raungreinar og stærðfræði). Ath. að undir raungreinar geta fallið efnafræði, eðlisfræði, líffræði og jarðvísindi.

1. ár í framhaldsskóla (starfsmenntun) starfstengdu framhaldsskólanámi

Þú velur þá þrjá kennara sem eru með flestar kennslustundir. Þetta þýðir að í raun er ekki valið sérstaklega í úrtak fyrir starfs- og iðnnám á framhaldsskólastigi og því þarf að ekki að fylla út kennaraeyðublaðið.

Í töflu 6 er dæmi um kennaraeyðublað fyrir bóknám á framhaldsskólastigi.

Tafla 6. Dæmi um útfyllt kennaraeyðublað

Sampled class: class 3			
	Main language of instruction	Mathematics	Science
Number of teacher(s)	1	2	2

Þegar þú ert viss um að listinn sé orðinn nákvæmur, vinsamlegast **sendu hann í úrtaksval með því að smella á „ÚRTAK“**. Þegar þú hefur sent kennaraeyðublaðið til vals á úrtaki sendir vefkerfið bréf. Kennarinn sem lendir í úrtakinu (þ.e. sá sem þú munt biðja um að taka þátt) er sá með eftirnafnið (/kenninafnið) sem byrjar á bókstafnum sem vefkerfið sendir eða næsta bókstaf í stafrófsröð. Byrji eftirnöfn tveggja kennaranna á sama bókstaf lendir kennarinn með eftirnafn á undan í stafrófsröð í úrtakinu.

4. bekkur barnaskóla

Kerfið sendir einn bókstaf.

8. bekkur grunnskóla

Kerfið sendir þrjá bókstafi (einn fyrir kennara í meginkennslumálinu, einn fyrir raungreinakennara og einn fyrir stærðfræðikennara).

1. úr í framhaldsskóla bóklegu framhaldsskólanámi

Kerfið sendir þrjá bókstafi (einn fyrir kennara í meginkennslumálinu, einn fyrir raungreinakennara og einn fyrir stærðfræðikennara).

1. úr í framhaldsskóla (starfsmenntun) starfstengdu framhaldsskólanámi

Kerfið sendir ekkert, þar sem þú hefur þegar tilgreint þá þrjá kennara sem eru með flesta kennslutíma hjá bekknum sem er valinn.

Tökum dæmi (sjá töflu 6).

Hafi bekkurinn „class 3“ verið valinn í úrtak á unglíngastiginu skal gera aðskilda lista yfir fjölda kennara í meginkennslumálinu, raungreina- og stærðfræðikennara. Setjum sem svo að í bekk „class3“ séu aðeins einn kennari í meginkennslumálinu, tveir stærðfræðikennarar og tveir raungreinakennarar. Þegar eyðublaðið hefur verið sent sendir kerfið til baka bókstafi fyrir raungreina- og stærðfræðikennarann en ekki fyrir kennara í meginkennslumálinu þar sem ekki er þörf á því (sjá töflu 7). Eini kennarinn í meginkennslumálinu er sjálfvalinn. Stærðfræðikennarinn sem verður fyrir valinu er sá með eftirnafnið sem byrjar á M. Ef um engan slíkan kennara er að ræða skal velja kennara með eftirnafni sem byrjar á N. Ef um engan slíkan kennara er heldur að ræða skal velja kennara með eftirnafni sem byrjar á O o.s.frv. Ef eftirnöfn tveggja kennaranna byrja á M skal velja kennarann með eftirnafni á undan í stafrófsróð. Hið sama gildir um raungreinakennara.

Athugaðu að ekki þarf að velja skólastjóra með þessum hætti í úrtak þar sem yfirleitt er aðeins einn skólastjóri í hverjum skóla.

Tafla 7. Dæmi um útfyllt kennaraeyðublað

Sampled class: class 3			
	Main language of instruction	Mathematics	Science
Sampled teachers	Only one	M	B

7. VERKEFNI 3: SPURNINGALISTI LAGÐUR FYRIR ÞÁTTTAKENDUR

Þegar valið hefur verið í bekkja- og kennaraúrtök færð þú sjálfvirkt tölvupóst með notandanöfnum og lykilorðum handa nemendum, kennurum og skólastjóra sem munu taka þátt í könnuninni. Kerfið býr sjálfkrafa til notandanöfn og lykilorð til að tryggja nafnleysi gagnanna.

Við teljum að um **15 til 20 mínútur taki að svara spurningalistanum á netinu.**

Vefkerfi könnunarinnar verður opið í fjórar vikur og lokast í nóvemberlok.

a) SPURNINGALISTAR LAGÐIR FYRIR NEMENDUR (EKKI Á 4. BEKKUR BARNASKÓLA)

Áður en framkvæmd sjálfrar könnunarinnar hefst þarft þú ef til vill að senda nokkrum vikum fyrirfram beiðni um leyfi foreldra ásamt eyðublaði þar að lútandi (sjá viðauka A) eða bréf til að upplýsa foreldra (sjá viðauka B) vegna hvers nemanda sem tekur þátt. Í mörgum löndum þykir það kurteisi eða er skylda að upplýsa foreldra um slíkar kannanir og/eða fá leyfi þeirra fyrir þátttöku barna þeirra. Sé skyldubundið að biðja um slíkt leyfi í landi þínu skalt þú nota „Beiðni um leyfi foreldra ásamt eyðublaði“. Ef það annað hvort telst kurteisi eða er skylda að upplýsa foreldra um rannsóknina skalt þú nota „Bréf til foreldra“. Drög að slíku eyðublaði og bréfum er að finna í lok þessa leiðarvísis. Þér er að sjálfsgöðu heimilt að breyta orðalagi bréfanna.

Til að sem minnstur kennslutími tapist ráðleggjum við þér að hafa aðeins einn tíma þar sem nemendur geta svarað spurningalistanum. Hins vegar kann að vera nauðsynlegt að hafa nokkra tíma fyrir nemendur ef fjöldi tölva með netaðgang er minni en nemendafjöldi bekkjarins. Önnur ástæða til að hafa fleiri tíma fyrir nemendur er t.d. ef ekki allir nemendur geta mætt vegna veikinda eða mismunandi stundaskráa, einkum í iðnnámi.

Til að spara tíma ráðleggjum við þér að opna aðganginn á hverri tölvu með notandanöfnunum og lykilorðunum áður en nemendurnir mæta í kennslustofuna. **Ekki láta nemendurna fá notandanöfnin og lykilorðin – það getur leitt til misnotkunar. Nemendur mega ekki svara spurningalistunum á netinu heima eða á nokkrum öðrum stað án eftirlits verkefnisstjórans.**

Sjálfsgagt er að aðstoða nemendur við að svara spurningalistanum ef spurningar vakna – þetta er ekki próf! – eða ef tæknileg vandamál koma upp. Nemendurnir skulu klára allan spurningalistann í tímanum – þeim verður ekki kleift að vista svör sín og skrá sig inn aftur seinna. Þar sem ekki er um að ræða getupróf þurfa nemendur ekki endilega að svara spurningalistanum á sama tíma. Allir nemendurnir í bekknum þurfa hins vegar að svara spurningalistanum innan fjögurra vikna tímabils.

Mikilvægt er að hvetja nemendur til að svara eins mörgum spurningum og unnt er. Þú gætir byrjað á því að útskýra markmið rannsóknarinnar fyrir nemendum og hversu mikilvægt er að þeir svari spurningunum eftir bestu getu og samvisku, auk þess að taka fram að ekki er um að ræða röng og rétt svör. Einnig þarf að segja nemendum að þú sért þeim til taks og getir aðstoðað þá með spurningar eða hvers kyns vandræði með að svara spurningalistanum.

b) SPURNINGALISTAR LAGÐIR FYRIR KENNARA OG SKÓLASTJÓRA

Í upphafi getur verið ráðlegt að upplýsa kennara um almenn markmið rannsóknarinnar og að mjög skamman tíma tekur að svara spurningalistanum. Drög að bréfi í þessum tilgangi er að finna í viðauka C.

Því næst getur þú útbýtt notandanöfnum og lykilorðum til kennara og skólastjórans. Þeir mega svara spurningalistanum á netinu t.d. heima ef það hentar betur. Ólíkt því sem gildir um nemendur geta þeir vistað svör sín og skráð sig inn aftur seinna til að klára eða breyta svörum eftir þörfum.

8. VERKEFNI 4: EFTIRFYLGNI KÖNNUNAR

Ganga þarf úr skugga um að allir nemendur, kennarar og skólastjórinn klári að svara spurningalistanum áður en vefkerfið lokast (sem gerist í nóvemberlok).

Verkefnisstjórinn á landsvísu getur fylgst með fjölda spurningalista sem nemendur hafa svarað í hverjum skóla. Hann er þér til halds og trausts svo þú skalt ekki hika við að leita til hans ef með þarf.

VIÐAUKI A: BEIÐNI UM LEYFI FORELDRA OG EYÐUBLAÐ

Heimilisfang skóla

Dagsetning

Kæra foreldri eða forráðamaður,

Evrópsk skólakönnun: Upplýsinga- og fjarskiptatækni og menntun

Bekkurinn sem barnið þitt er í hefur verið valinn til þátttöku í könnun á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Könnunin er framkvæmd af Evrópska skólanetinu (European Schoolnet), en að því standa menntamálaráðuneyti ýmissa þjóða í Evrópu og víðar sem starfa saman að því að bæta kennslu og nám í skólum.

Notast verður við spurningalista á netinu til að afla nýjustu upplýsinga um notkun ungs fólks á tækni til náms. Nemendur svara spurningalistanum í skólanum snemma í haust. Um 15 mínútur tekur að svara spurningalistanum. Ekki verður unnt að persónugreina nokkurn einstakling eða bera kennsl á skóla út frá svörum og engum viðkvæmum upplýsingum verður safnað.

Svörin verða notuð til að veita skólum, menntamálaráðuneytum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mikilvægar upplýsingar til að stuðla að bættri menntun ungs fólks á 21. öldinni.

Skólinn hefur ákveðið að taka þátt í könnuninni og við teljum að niðurstöðurnar muni gagnast nemendum okkar. Ég yrði því þakklát(ur) ef þú gætir fyllt út leyfiseyðublaðið hér að neðan fyrir DAGSETNING.

Vakni einhverjar spurningar skaltu ekki hika við að hafa samband við skólann.

Með fyrirfram þökk fyrir stuðninginn.

Virðingarfyllst,

Skólastjóri

Evrópsk skólakönnun: Upplýsinga- og fjarskiptatækni og menntun

Eyðublað fyrir samþykki foreldra

Ég veiti samþykki mitt fyrir því að barnið mitt taki þátt í Evrópsku skólakönnuninni *Upplýsinga- og fjarskiptatækni og menntun*.

Nafn barns:.....

Undirskrift foreldris:.....

Dags.:

VIÐAUKI B: BRÉF TIL FORELDRA

Heimilisfang skóla

Dagsetning

Kæra foreldri eða forráðamaður,

Evrópsk skólakönnun: Upplýsinga- og fjarskiptatækni og menntun

Bekkurinn sem barnið þitt er í hefur verið valinn til þátttöku í könnun á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Könnunin er framkvæmd af Evrópska skólanetinu (European Schoolnet), en að því standa menntamálaráðuneyti ýmissa þjóða í Evrópu og víðar sem starfa saman að því að bæta kennslu og nám í skólum.

Notast verður við spurningalista á netinu til að afla nýjustu upplýsinga um notkun ungs fólks á tækni til náms. Nemendur svara spurningalistanum í skólanum snemma í haust. Um 15 mínútur tekur að svara spurningalistanum. Ekki verður unnt að persónugreina nokkurn einstakling eða bera kennsl á skóla út frá svörum og engum viðkvæmum upplýsingum verður safnað.

Svörin verða notuð til að veita skólum, menntamálaráðuneytum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mikilvægar upplýsingar til að stuðla að bættri menntun ungs fólks á 21. öldinni.

Vakni einhverjar spurningar skaltu ekki hika við að hafa samband við skólann.

Með fyrirfram þökk fyrir stuðninginn.

Virðingarfyllt,

Skólastjóri

VIÐAUKI C: BRÉF TIL KENNARA

Til: kennara sem taka þátt í evrópsku skólakönnuninni Upplýsinga- og fjarskiptatækni og menntun

Kæri samstarfsmaður,

Til stendur að gera í fyrsta skipti kerfisbundna könnun meðal skóla víðsvegar í Evrópu á aðgangi að, notkun á og áhrifum upplýsingatækni í skólastarfi og námi. Þú hefur verið valin(n) til þátttöku og við þökkum þér fyrirfram fyrir samstarfið.

Skólakönnunin *Upplýsinga- og fjarskiptatækni og menntun* er fjármögnuð af stjórnarsviði framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um upplýsingasamfélagið og fjölmiðla og studd af menntamálaráðuneytum í Evrópu og víðar. Evrópska skólanetið og háskólinn í Liège í Belgíu annast framkvæmd könnunarinnar. Markmið hennar er að meta framþróun að því er varðar aðgang að og notkun á upplýsinga- og fjarskiptatækni í 31 Evrópulandi. Könnunin fer fram frá september til nóvember 2011 en um 20 mínútur tekur að svara viðkomandi spurningalista.

Upplýsingarnar sem þú veitir verða aðeins nýttar í könnuninni. Persónuvernd þín verður tryggð sem og allt gagnaöryggi. Engin svör verða persónugreinanleg. Niðurstöður könnunarinnar munu gagnast við áætlanagerð í skólastarfi og ákvarðanatöku um útbreiðslu, utanumhald og notkun á tækni. Þær verða birtar í skýrslum um hvert land fyrir sig sem og um öll þáttökulöndin í heild árið 2012. Verkefnisstjóri könnunarinnar í skólanum þínum getur veitt nánari upplýsingar. Einnig getur þú skoðað vefsíðu könnunarinnar: <http://essie.eun.org>.

Við gerum okkur grein fyrir því að annríki er mikið í skólum og því verður kappkostað að valda sem minnstri truflun á skólastarfi.

Stuðningur þinn yrði afar vel þeginn.

[[[UNDIRRITUN]]]